Ed. **520. Nefndarálit**

um frv. til laga um lögskráning sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, eftir því sem tími hefir unnizt til, og telur nauðsyn á, að lög séu sett um lögskráning sjómanna, þar sem telja má

víst, að breytingar þær á siglingalögunum frá 30. nóv. 1914, er nú liggja fyrir Alþingi, verði samþykktar, en með þeim lögum verður ákvæðum um lögskráning kippt burtu úr siglingalögunum.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1930.

| | | |
|---|---|---|
| Erlingur Friðjónsson, form. | Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm. | H. Steinsson. |